

Björn Ingi Victorsson

Forstjóri og löggiltur endurskoðandi

bjorn.ingi.victorsson@gmail.com

856-3318



Ég hef verið stjórnarmaður frá árinu 2020 og býð mig fram til áframhaldandi setu í stjórn sjóðsins til þriggja ára sem aðalmaður. Ég kem úr atvinnulífinu og tel mikilvægt í stjórn sjóðsins sitja fólk með mismunandi menntun, reynslu og bakgrunn. Á kjörtímabilinu sat ég í undirnefnd sem vann að nýjum þjónustusamningi við rekstraraðilann sem var undirritaður á árinu 2025 ásamt því að sitja í endurskoðunarnefnd. Nýr þjónustusamningur sjóðsins hefur þegar skilað sjóðsfélögum umtalsverðum ávinningi fyrir okkur sjóðsfélaga og munum við á næstu árum sjá áframhaldandi lækkun rekstrarkostnaðar vegna þeirra breytinga sem á samningnum voru gerðar.

Frá því ég tók sæti í stjórn hef ég kosið að koma mínum sjónarmiðum á framfæri á málefnalegan og yfirvegaðan hátt sem ég tel að hafi m.a. leitt til þess að nú ríkir mun meiri sátt um stjórn sjóðsins heldur en áður var. Ég mun á komandi kjörtímabili halda þeirri vinnu áfram og leggja mig fram um að veita rekstraraðila aðhald með það að markmiði að hámarka ávöxtun sjóðsins með sem minnstum tilkostnaði.

Ég hef verið sjóðfélagi í Frjálsa lífeyrissjóðnum lengi og á sínum tíma var ákvörðun mín að greiða í sjóðinn byggð á þeim árangri sem sjóðurinn hafði sýnt, því hvernig sjóðurinn er uppbyggður, því valfrelsi sem í sjóðnum felst og þeim möguleika að ég get sjálfur ákveðið að fara annað ef að mér líkar ekki starfsemi sjóðsins. Ég get stoltur mælt með Frjálsa lífeyrissjóðnum við alla og tel mig hafa yfirgripsmikla þekkingu á þeim þáttum sem tengjast málefnum sjóðsins sem er ástæða þess að ég bíð mig aftur fram til setu í stjórn sjóðsins næstu 3 ár.

Menntun

2006 Löggiltur endurskoðandi

1995-1999 Háskóli Íslands - Viðskiptafræðingur, Cand.oecon. af endurskoðunarsviði

Starfsreynsla

2018-2026 Forstjóri Steypustöðvarinnar ehf.

2021-2026 Stjórnarformaður Íþöku fasteigna ehf.

2020-2026 Stjórnarmaður í Frjálsa lífeyrissjóðnum

1999-2018 Deloitte ehf. Löggiltur endurskoðandi og eigandi

2015-2018 Sviðsstjóri Áhætturáðgjafar Deloitte

2008 Yfirmaður reikningshalds og skattamála hjá Glitni banka hf.

Reynsla og þekking

- Hef verið forstjóri Steypustöðvarinnar frá árinu 2018
- Lauk á árinu 2022 „Viðurkenndir stjórnarmenn“ hjá Akademías
- Starfaði um langt árabil við endurskoðunarstörf hjá stórum og meðalstórum fyrirtækjum. Starfaði aðallega fyrir skráð félög og stór fyrirtæki í einkaeigu.
- Bý yfir víðtækri þekkingu á mati á fjárfestingakostum, ráðgjöf í fjármögnun fyrirtækja, fjármagnsskipulagi og sjóðsstýringu, sem og áhættumati og áhættustýringu.
- Hef víðtæka reynslu af því að hjálpa fyrirtækjum við hagræðingu rekstrar, stefnumótun, innleiðingu ferla og verklagsreglna og innri eftirlitsaðgerða.
- Stýrði uppbyggingu áhætturáðgjafar (Risk advisory) og ráðgjafar (consulting) hjá Deloitte